



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 4/2010

Erindi Íslandspósts hf. um sameiningu á þyngdarflokkum innan einkaréttar og breyting á gjaldskrá innan einkaréttar

I.

Erindið

Með bréfi, dags. 11. nóvember 2009, tilkynnti Íslandspóstur að fyrirtækið hygðist sameina þyngdarflokkana 0-20 gr. og 21-50, sem falla undir einkarétt Íslandspósts í einn þyngdarflokk 0-50 gr. frá og með 1. janúar 2010. Breytingin tæki bæði til póstsendinga innanlands og til útlanda. Taldi fyrirtækið að hið nýja fyrirkomulag væri til hagsbóta fyrir viðskiptavinum Íslandspósts sem og félagið sjálft.

Í erindi fyrirtækisins voru eftirfarandi rök færð fyrir breytingunum:

- *“Þetta er talið einfaldara fyrir viðskiptavin, en þyngd almenns bréfs er algeng á bilinu 15-25 gr. og ekki alltaf auðvelt að ákvarða þyngd hvers bréfs fyrir sendanda nema að hafa vog ætíð við höndina.*
- *Ekki er afgerandi munur á kostnaði við að móttaka, flytja og dreifa bréfum úr þessum tveimur þyngdarflokkum og mun sameinaður þyngdarflokkur einfalda framkvæmd við móttöku bréfa af þessari þyngd hjá Íslandspósti.*
- *Ennfremur má nefna að þróunin hjá þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við hefur verið sú að sameina léttustu þyngdarflokka bréfapósts. Í töflunni hér að neðan er að finna léttasta þyngdarflokk nokkurra nágrannalanda.*

Danmörk 0-50 gr.

Svíþjóð 0-50 gr.

Noregur 0-20 gr.

Finnland 0-50 gr.

Bretland 0-100 gr.

Sviss 0-100 gr.

Verð bréfs í þessum léttasta þyngdarflokki innanlands er fyrirhugað 75 kr. frá og með 1. janúar n.k. en 0-20. gr. bréf kostar nú 70 kr. og 21-50 gr. bréf kostar nú 80 kr.“

Í niðurlagi bréfsins óskaði Íslandspóstur eftir álitni Póst- og fjarskiptastofnunar á ofangreindum breytingum.

II. Málsmeðferð

1.

Með bréfi, dags. 27. nóvember 2009, tilkynnti Póst- og fjarskiptastofnun Íslandspósti, að fara bæri með erindi Íslandspósts samkvæmt ákvæði 16. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002, þar sem fjallað er um viðskiptaskilmála og gjaldskrá póstrekkanda og rekstrarleyfishafa.

Um þetta sagði m.a. í bréfi stofnunarinnar:

„Telja verður að sú breyting sem Íslandspóstur áformar á þyngdaflokkum innan einkaréttar falli undir ofangreint ákvæði laga um pósthjónustu og Íslandspósti sé á grundvelli þessa ákvæðis skylt að tilkynna um fyrirhugaða breytingu á þyngdarflokki innan einkaréttar. Í V. kafla laga um pósthjónustu er einkaréttur ríkisins afmarkaður. Í 7. gr. laganna er kveðið á um einkarétt ríkisins á pósthjónustu undir ákveðni þyngd, en þar segir: "Íslenska ríkið hefur frá 1. janúar 2006 einkarétt á pósthjónustu vegna póstsendinga bréfa allt að 50 g að þyngd svo framarlega sem burðargjaldið fyrir bréfið er minna en 2,5 sinnum lægsta burðargjald sem gildir fyrir venjuleg bréf innanlands. Hið sama gildir um dreifingu innanlands á bréfum frá útlöndum innan sömu takmarkana.“

Af orðalagi ákvæðisins verður ekki dregin sú ályktun að óheimilt sé að breyta þeirri þyngdarflokki sem nú er í gildi hjá Íslandspósti. Greinin tiltekur einungis að póstur undir ákveðnum þyngdarmörkum sé háður einkarétti.“

Taldi stofnunin, að Íslandspósti væri heimilt, að sameina þyngdarflokkana 0-20 gr. og 20-50 gr. í einn þyngdarflokk, sem tæki til bréfa upp að 50 grömmum.

Póst- og fjarskiptastofnun taldi hins vegar að þar sem Íslandspóstur áætlaði samhliða breytingum á þyngdaflokkum að breyta gjaldskrá innan einkaréttar þyrfti að liggja fyrir samþykki stofnunarinnar á breytingunni áður en hún tæki formlega gildi, sbr. 6. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu.

Með hliðsjón af því óskaði stofnunin eftir að Íslandspóstur legði fram gögn úr bókhaldi fyrirtækisins s.s. tölur um fjölda sendinga innan einkaréttar á árinu 2009, áætlanir um fjölda sendinga innan einkaréttar á árinu 2010, tekjur fyrirtækisins af einkarétti og áætlanir um tekjur á árinu 2010, ásamt upplýsingum um breytingar á undirliggjandi kostnaðargrunni fyrirtækisins á gjaldskrá innan einkaréttar.

2.

Með bréfi Íslandspósts, dags. 4. desember 2009, til Póst- og fjarskiptastofnunar bárust stofnuninni umbeðnar upplýsingar. Áætluð tekjuaukning vegna breytinganna á gjaldskránni var talin verða um 120-130 milljónir. Heildarmagn bréfa innan einkaréttar á árinu 2009 var 44. milljónir bréfa, sem skiptist þannig að 91% voru í 0-20 gr. flokki og 9% í 21-50 gr. flokki. Tekjurnar skiptust þannig að um 88,5% af tekjum innan einkaréttar komu vegna dreifingar á pósti undir 0-20 gr. flokki og um 11,5% tekna vegna dreifinga á þyngdarflokknum 21-50 gr.

Hvað varðaði breytingar á undirliggjandi kostnaðargrunni vegna breytinganna taldi fyrirtækið að ekki yrði um afgerandi mun að ræða á kostnaði við að móttaka, flytja og dreifa bréfum úr þessum tveimur umræddu þyngdarflokkum eins og núverandi dreifing innan þeirra er. Það væri þó ljóst að ef stærra hlutfall bréfa verður þyngra en nú er yrði dreifing þeirra erfiðari. Ekki væri gert ráð fyrir að innbyrðis dreifing þyngda innan þessa þyngdarbils breytist að ráði við það að sameina flokkana og ætti því ekki að koma til kostnaðarauka vegna þess. Þá væri kostnaður við breytingar á hugbúnaði og skráningu vegna þessa hverfandi.

Við breytinguna yrði móttaka og tekjuskráning bréfa einfaldari þar sem ekki þyrfti að skilja á milli vörunúmera við 20 gr. og við það ætti hagræði að nást fram í rekstri fyrirtækisins.

Í svari Íslandspósts voru eftirtaldar ástæður einnig tilgreindar sem ástæða þess að fyrirtækið taldi tekjuaukann nauðsynlegan rekstri fyrirtækisins:

- „Kjarasamningur Íslandspósts hf. og Póstmannafélags Íslands. Við rekstraráætlanagerð félagsins fyrir árið 2009 var gert ráð fyrir hækkun verðskrár einkaréttarbréfs þann 1. mars 2009 og var talið að tekjuauki vegna þess næmi um 127 millj. kr. á árinu 2009. Af þeirri hækkun varð ekki. Þetta var til að mæta að hluta kjarasamningsbundnum launahækkunum sem fyrirhugaðar voru þann 1. mars 2009. Eins og kunnugt er var þessum samningsbundnu launahækkunum frestað, að hluta til 1. júlí sl. og síðari hluta þeirra til 1. nóvember sl. og eru nú að fullu komnar til framkvæmda og ljóst að til verðskrárhækkana vegna þessa þarf að koma nú.
- *Kostnaðarhækkanir. Auk áhrifa kjarasamninga hafa aðrar kostnaðarhækkanir verið verulegar undanfarin misseri. Í því sambandi má nefna:*
 - Nokkur hluti útgjalda félagsins er vegna samninga sem beint eru bundnir hækkunum vísitalna, s.s. samningar um flutninga, húsnæði o.fl. Frá því í ágúst 2008, þegar síðasta verðskrárhækkun bréfa í einkarétti tók gildi, hefur vísitala neysluverðs hækkað um 14% og byggingavísitala um 13%.
 - Á saman tíma hefur gengi íslensku krónunnar veikt verulega eða um 48% og hefur það m.a. haft áhrif á verð eldsneytis og endastöðvagjalda auk ýmissa innkaupa á innfluttum vörum.
 - Nýlegar skattahækkanir, s.s. hækkun tryggingagjalds, hafa veruleg áhrif á rekstur félagsins. Gera má ráð fyrir að kostnaðarauki félagsins vegna hækkunar tryggingagjalds í júlí sl. (úr 5,34% í 7%) og fyrirhuguð hækkun í janúar nk. (úr 7% í 8,6%) verði um 100 millj. kr. á árinu 2010.
- *Magnminnkun í bréfaþósti. Það sem af er ári er magn bréfaþósts í 0-50 gr. flokki um 4% undir áætlunum tímabilsins og um 11% undir því sem var á árinu 2008. Í samræmi við reynslu nágrannaþjóða okkar er gert ráð fyrir áframhaldandi magnminnkun.*
- *Til að mæta útgjaldaauka vegna ofangreindra liða hefur félagið þær leiðir að hækka verð einkaréttarpósts, hækka verð í samkeppnisrekstri og að hagræða. Hefur allra þessara leiða verða leitað. Margra leiða hefur verið leitað til að hagræða í rekstri undanfarin misseri vegna aukins kostnaðar og magnminnkunar og má þar nefna t.d. útbod á helstu flutningaleiðum og eldsneytissamningum, lokun póstaþjónslna, stækkun dreifingarsvæða á Stór-Reykjavíkursvæðinu, fækkun dreifingardaga í dreifibýli o.fl.“*

3.

Með bréfi, Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 22. desember 2009 tilkynnti stofnunin að í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hefðu komið í bréfi Íslandspósts þann 4. desember 2009 s.s. um fjölda bréfa í hvorum flokk fyrir sig, áætlunum fyrirtækisins um væntanlegan tekjuauka af breytingunni á þyngdarflokkunum, þess burðargjalds sem áætlað væri að taka upp eftir að búið væri að sameina þyngdaflokkana, að nauðsynlegt væri að Íslandspóstur legði fram frekari

gögn til stuðnings kröfunni um hækkun gjaldskrá innan einkaréttar. Svör Íslandspósts bárust stofnuninni þann 5. janúar 2010 með bréfi, dags. 29. desember 2009.

III.

Forsendur og niðurstaða

Gjaldskrár Íslandspósts fyrir alþjónustu og þar með af gjaldskrá innan einkaréttar eiga að taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættri hæfilegri álagningu, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu, sbr. 11. gr. reglugerðar um bókhaldslega aðgreiningu. Af því leiðir að stofnunin telur nauðsynlegt að í tengslum við þá hækkun sem nú er boðuð á gjaldskrá innan einkaréttar að Íslandspóstur upplýsi Póst- og fjarskiptastofnun um hvernig aðgreiningu í bókhaldi er háttað með tilliti til tekna og kostnaðar, sbr. upptalningu á tegundum þjónustu í 12. gr. reglugerðar um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu nr. 313/2005, sbr. einnig 6. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 136/2002. Fram komi skiptireglur og þær aðferðir sem Íslandspóstur notar til að heimfæra kostnað.

Samkvæmt rekstarleyfi Íslandspósts, dags 3. desember 2007, skal Íslandspóstur gegna skyldum ríkisins, skv. 6. gr. laga um pósthjónustu og tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að alþjónustu, með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði. Þær kröfur sem eru á Íslandspósti undir merkmum alþjónustu eru m.a. skylda til að halda úti neti afgreiðslustaða, sbr. reglur nr. 504/2003, lágmarksopnunartíma afgreiðslustaða, skylda til að setja upp póstkassa til móttöku á póstsendingum á landinu öllu, útburður/afhending póstsendinga alla virka daga á landinu öllu ásamt kröfum um gæði þjónustu, þar sem 85 af hundraði A pósts innanlands skal vera borinn út daginn eftir póstagningu. sjá nánar í 2. kafla leyfisins.

Alþjónustu er einkum ætlað að tryggja samkvæmni á þjónustu þannig að allir landsmenn óháð búsetu eigi rétt á þjónustu alþjónustuhafa. Gjaldskrá fyrir bréf hjá Íslandspósti byggir á meðaltalskostnaði við að veita þjónustuna, þ.e. fundinn er heildarkostnaður fyrirtækisins út um allt lands og síðan sett meðalverð sem á að ná yfir allan kostnaðinn. Fjöldi póstsendra bréfa það er magn í bréfaþósti hefur þannig mikil áhrif á hvernig afkoma Íslandspósts er frá ári til árs. Fram kemur hjá Íslandspósti að heildarmagn bréfa innan einkaréttar, þ.e. undir 50 gr. sé 4% undir áætlunum ársins 2009 og 11% undir því sem það var á árinu 2008. Í reynd þýðir þetta að færri bréf koma til með að standa undir þjónustunni á landsvísu en á árinu 2008.

Í rekstarleyfi Íslandspósts er fyrirtækinu falið að fara með einkarétt ríkisins á pósthjónustu hér á landi. Frá 1. janúar 2006, sbr. lög nr. 136/2002, nær einkaréttur fyrirtækisins til áritaðra bréfa allt að 50 gr. að þyngd, sjá nánar V. kafla laga um pósthjónustu, sbr. 3. kafla rekstarleyfis fyrirtækisins.

Með 2. gr. laga nr. 136/2002 var bætt við nýjum málslíð í 6. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002, greinin er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota tekjur af þjónustu í einkarétti til að greiða niður þjónustugjöld í alþjónustu sem ekki fellur undir einkarétt nema ef sýnt hefur verið fram á að slíkt sé beinlínis nauðsynlegt til að verða við sérstökum alþjónustukvöðum sem hvíla á rekstrarleyfishafa.“

Ákvæðið á rót að rekja til tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2002/39 sem breyti tilskipun 67/97, ákvæðið er svohljóðandi:

„-cross-subsidisation of universal service outside the reserved sector out of revenues from service in the reserved sector shall be prohibited except to the extent to which it is shown to be strictly necessary to fulfil specific universal service obligation in the competitive area.“

Tekjur af einkarétti eru m.a. notaðar til að halda uppi þjónustu á þeim svæðum þar sem óhagkvæmt er að veita þjónustu s.s. á ýmsum stöðum í dreifbýli þar sem kostnaður fyrirtækisins af þjónustunni er mun meiri en þær tekjur sem koma inn fyrir að veita þjónustu. Einkarétturinn gerir einnig það mögulegt að fyrirtækið hefur tök á því að bjóða upp á sömu gjaldskrá fyrir bréfapóst óháð því hvar bréfið er póstlagt eða hver ákvörðunarstaður þess er.

Samkvæmt ofangreindu gerir Evrópulöggjöfin og þar með sú íslenska ráð fyrir að tekjur af einkarétti og þar með hagnaður séu að einhverju leyti notaðar til að fjármagna þá alþjónustu sem alþjónustuveitanda í þessu tilviki Íslandspósti er skylt að veita út um allt land. Einkum er um að ræða þjónustu á þeim svæðum þar sem dýrara er að veita þjónustuna en almennt er s.s. vegna fámennis eða landfræðilegra aðstæðna. Íslandspóstur gjaldfærir þannig hluta af þeim kostnaði sem fyrirtækið hefur af því að veita alþjónustu um allt land á móti þeim tekjum sem fyrirtækið hefur af einkarétti.

Íslandspóstur styðst við þá meginreglu við afkomuútreikninga félagsins á einstökum vöruflokkum að fyrirtækið leitast við að jafna gjöldum á móti tekjum, þ.e. að heimfæra alla kostnaðarliði á móti þeim tekjum sem tilheyra viðkomandi vöruflokk. Kostnaði skipt upp eftir magni hverrar vöru auk þess álags sem fylgir henni.

Við útreikninga í afkomulíkani Íslandspósts er hluti kostnaðar vegna flutninga, pósthúsa og landpósta, gjaldfærður á móti tekjum sem félagið hefur af einkarétti. Telur Íslandspóstur að uppbygging dreifikerfisins væri með öðrum og hagkvæmari hætti ef ekki væri alþjónustuskyldu til að dreifa. Á árinu 2008 hafi þessi fjárhæð numið 155 millj. kr. (140 millj. kr. vegna landsbyggðar og 15 millj. kr. á höfuðborgarsvæðinu).

Breytingar á tekjum og rekstrarkostnaði Íslandspósts

Hækkun einingaverðs

Reiknað er með að breyting á innanlandsgjaldskrá innan einkaréttar 0-50 gr. skili um 120-130 millj. kr. tekjuauka á ársgrundvelli miðað við áætlun ársins 2010. Ef hins vegar er gert ráð fyrir óbreyttu magni sendinga frá árinu 2009 er tekjuaukinn 140-150 millj. kr. á ársgrundvelli.

Kjarasamningar

Íslandspóstur gerði samkomulag við Póstmannafélag Íslands um að launahækkun sem koma átti til framkvæmda 1. mars 2009 en var frestað og kom til framkvæmda 1. júlí og 1. nóvember 2009. Laun félagsmanna Póstmannfélagsins hækkuðu um kr. 6.750 frá 1. júlí 2009 og um sömu upphæð 1. nóvember 2009. Launaþróunartrygging hækkaði einnig 1. nóvember s.l. um 3,5%. Launahækkunum sem áttu að koma til framkvæmda 1. janúar 2010 var frestað til 1. júní 2010.

Áætluð hækkun á launakostnaði Íslandspósts vegna hækkana skv. kjarasamningum sem komu til framkvæmda á árinu 2009 nemur um 163 millj. kr. á árinu 2010, en þar af er hlutdeild einkaréttar metin um 82 millj. kr. Hlutfall launakostnaðar er um 60% af rekstrarkostnaði Íslandspóst án afskrifta og fjármagnsliða, en launaliðir veða þó hlutfallslega þyngra í einkaréttarþjónustu en samkeppnisþjónustu.

Hækkun tryggingagjalds og skatta

Frá síðustu ákvörðun um verðhækkun í júlí 2008 hefur tryggingagjald hækkað úr 5,34% í 7% þann 1. júlí 2009 og loks í 8,65% þann 1. janúar 2010 eða sem nemur um 100 millj. kr. á ársgrundvelli, en þar af er hlutdeild einkaréttar metin um 51 millj. kr.

Annar rekstrarkostnaður

Hluti útgjalda Íslandspósts er bundið við breytingar á vísitölum, þ.m.t. leigusamningar um húsnæði og samningar um flutninga. Frá síðustu verðákvörðun í júlí 2008 hafa helstu vísitölur hækkað um 13-14%. og á sama tíma hefur gengi íslensku krónunnar veikst verulega, sem hefur m.a. áhrif á eldsneytisverð og endastöðvagjöld.

Í áætlun ársins 2010 er reiknað með 5% hækkun vísitölu neysluverðs.


Breytingar á tekjuskatti, vörugjöldum, kolefnisskatti og hækkun virðisaukaskatts eru talin hækka útgjöld félagsins um 10-20 millj. kr. á árinu 2010 að mati Íslandspósts.

Magnþróun

Magnminnkun í bréfaþósti innan einkaréttar (0-50 gr.) hefur verið töluverð á undanförunum árum og fyrirséð er að sú þróun muni halda áfram á næstu árum. Á milli áruna 2008 og 2009 minnkaði bréfamagn innan einkaréttar úr 48,7 millj. sendinga niður í 43,9 millj. sendinga eða um 10% og er reiknað með áframhaldandi fækkun sendinga innan einkaréttar á árinu 2010 með samsvarandi lækkun tekna að öðru óbreyttu.

Taflan hér að neðan sýnir hvernig þróunin hefur verið frá árinu 2005 á fjölda bréfa innan einkaréttar.

Mynd 1 - Fjöldi bréfa 0- 50 gr., árin 2005 – 2009



Heimild: Íslandspóstur hf.

Afkoma einkaréttar 2005-2008

Í töflu 1 má sjá samandregið yfirlit yfir afkomu Íslandspósts á einkarétti fyrir árin 2005 til 2008. Meðaltal þessara ára er um 2,6% hagnaður sem hlutfall af tekjum. Útkomuspá ársins 2009 gerir ráð fyrir að afkoma einkaréttar verði svipuð og undanfarin ár.

Tafla 1 - Yfirlit yfir afkomu af einkarétti fyrir árin 2005 - 2008

	Tekjur	Gjöld	Hagnaður	Hagnaður í hlutfalli af tekjum
Einkaréttur 2005	2.254.790	2.034.029	220.761	9,8%
Einkaréttur 2006	2.279.508	2.272.610	6.898	0,3%
Einkaréttur 2007	2.647.422	2.635.822	11.600	0,4%
Einkaréttur 2008	2.919.952	2.918.548	1.404	0,0%
Meðaltal 2005 - 2008	2.525.418	2.465.252	60.166	2,6%

Tölur eru í þús. kr.


Heimild: Íslandspóstur hf.

Verðþróun 2003 – 2009

Ef litið er til verðþróunar á burðargjöldum á bréfum innan einkaréttar á tímabilinu frá 1. janúar 2003 til 1. nóvember 2009, samanborið við vísitölu neysluverðs og vísitölu launa, sbr. mynd 2, þá kemur í ljós að á fyrri hluta tímabilsins hækkaðu burðargjöld innanlands umfram vísitölu neysluverðs en í lok tímabilsins hefur vísitala neysluverðs hækkað umfram verð bréfa í þessum flokkum. Ef litið er til vísitölu launa hefur verð fyrir 20 gr. bréf og 50 gr. bréf nokkurn veginn fylgt hækkun á vísitölu launa. Á tímabilinu hefur vísitala neysluverðs hækkað um 58,5%, vísitala launa hefur hækkað um 54,2%, verð fyrir 20 gr. bréf hafa hinsvegar hækkað um 55,6% og verð fyrir 50 gr. bréf hafa hækkað um 45,5%. Sú samsvörun sem er á

milli launavísitölu og hækkun á gjaldskrár fyrirtækisins skýrist að einhverju leyti af því að launakostnaður innan einkaréttar er um 60% af beinum rekstrarkostnaði fyrirtækisins.

Mynd 2 - Verðþróun bréfa í einkarétti m.v. vísitölu neysluverðs og launa




Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun
Grunnur 1. janúar 2003=100

Samanburður við norðurlönd

Samkvæmt 4. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu eiga gjöld fyrir alþjónustu að vera almenningi viðráðanleg og tryggja aðgang hans að þjónustunni. Ef litið er á gjaldskrá Íslandspósts og hún borin saman við sambærilegar gjaldskrár á norðurlöndunum kemur í ljós að Íslandspóstur er með ódýrustu þjónustuna ef horft er á lágstu þyngdarflokkana. Hins vegar þarf að hafa í huga við slíkan samanburð hið mikla fall íslensku krónunnar á árunum 2008 og 2009 svo og kaupmáttarrýrnun á sama tíma, sem gera það að verkum að samanburður er erfiður m.v. núverandi aðstæður. Þrátt fyrir að eftirfarandi samanburður hafi ekki verið leiðréttur m.v. framangreint þá er nokkuð ljóst að verðlagning á einkaréttapósti Íslandspósts er viðunandi miðað við það sem gerist á hinum norðurlöndunum.

Mynd 3 - Norrænn verðsamanburður



Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun.

Skýring: Samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands þann 19. janúar 2010.

Samandregin niðurstaða

Íslandspóstur hyggst mæta framangreindum kostnaðarhækkunum og lækkun tekna vegna minnkandi magns með eftirfarandi aðgerðum:

- Hagræðing í rekstri.
- Hækka verð þann 1. janúar 2010 í samkeppnisrekstri um 8-15%.
- Hækka verð á póstsendingum innan einkaréttar.

Komið hefur fram hjá Íslandspósti að undanfarin misseri hafi verið leitað margra leiða til að hagræða í rekstri vegna aukins kostnaðar og magnminnkunar. Má þar nefna útboð á helstu flutningsleiðum og eldsneytissamningum, lokun póstafréiðslna, stækkun dreifingarsvæða á Stór-Reykjavíkursvæðinu, fækkun dreifingardaga í dreifbýli o.fl.

Íslandspóstur hefur óskað eftir samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar á hækkun á einkaréttarpósti um sem nemur rúmlega 5%, þ.e. ef miðað er við vegið meðaltal eftir að búið er að sameina þyngdarflokkanna 0-20 gr. og 21-50 gr. í einn flokk 0-50 gr.

Tekjuauki vegna fyrirhugaðrar hækkunar einkaréttar er um 120-130 millj. kr. á ársgrundvelli eins og áður hefur komið fram. Á móti kemur kostnaðarauki sem talinn er tilheyra einkaréttar starfsemi alls um 150-160 millj. kr. Jafnframt hefur fjöldi bréfa innan einkaréttar dregist saman á árinu 2009 og er reiknað með áframhaldandi magnminnkun á árinu 2010 með samsvarandi lækkun tekna innan einkaréttar. Því er ljóst að umbeðin gjaldskrárhækkun ein og sér nægir ekki til að mæta versnandi afkomu innan einkaréttar og mun fyrirtækið þurfa áfram að leggja áherslu á að hagræða í rekstri sínum til að ná viðunandi afkomu. Í heild gerir áætlun Íslandspósts fyrir árið 2010 ráð fyrir að hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) verði um 498 millj. kr. (8% af veltu) og hagnaður eftir skatta 105 millj. kr.

Það er mat Póst- og fjarskiptastofnunar að hækkunarbeiðni Íslandspóst miðað við framlögð gögn byggji á undirliggjandi kostnaði við einkaréttarþjónustu.

Hækkun gjaldskrár fyrir einkaréttarþjónustu hefur verið undir hækkun verðlags á undanförunum misserum. Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar eru gjöld innan einkaréttar sem tekin eru fyrir pósthjónustu innan viðráðanlegra marka hér á landi ef litið er til kaupmáttar og samanburðar á sambærilegum gjaldskráum á hinum norðurlöndunum.

Með vísun til alls framangreinds, sbr. 6. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu samþykkir Póst- og fjarskiptastofnun erindi Íslandspósts hf., dags. 11. nóvember 2009, um að burðargjöld fyrir bréf innan einkaréttar skuli vera 75 kr. eftir sameiningu þyngdarflokkanna 0-20 gr. og 21-50 gr. í einn þyngdarflokk 0-50. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun byggir á framlögðum gögnum Íslandspósts og öðrum upplýsingum sem fyrirtækið hefur lagt fram sem rökstuðning fyrir hækkun gjaldskrár innan einkaréttar, s.s. reikningsskil, sundurliðanir á einstaka tekju- og kostnaðarþætti og áætlanir. Athugun Póst- og fjarskiptastofnunar samanstendur af fyrirspurnum til starfsmanna Íslandspósts og yfirferð á gögnum og upplýsingum frá fyrirtækinu.

Með vísun til bréfa Póst- og fjarskiptastofnunar um úttekt á bókhaldi Íslandspósts, nú síðast bréfs dags. 28. janúar 2010 er hækkun gjaldskrár innan einkaréttar samþykkt með þeim fyrirvara að sú úttekt sem nú er unnið að af hálfu stofnunarinnar á bókhaldslegri og fjárhagslegri aðgreiningu Íslandspósts, kostnaðargreiningu vegna einkaréttar og kostnaði fyrirtækisins vegna alþjónustu, leiði ekki í ljós að forsendur fyrir gjaldskrá fyrirtækisins vegna pósthjónustu séu aðrar en nú er gengið út frá.

Ákvörðunarorð

Með vísun til 6. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002, samþykkir Póst- og fjarskiptastofnun erindi Íslandspósts hf., dags. 11. nóvember 2009, um að burðargjöld fyrir bréf innan einkaréttar skuli vera 75 kr. eftir sameiningu þyngdarflokkanna 0-20 gr. og 21-50 gr. í einn þyngdarflokk 0-50 gr.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 17. febrúar 2010

Hrafnkell V Gíslason

Friðrik Pétursson